

Lagabreytingar:

1. Grein – Heiti og heimili

Í stað:

... Félagið sem heild á aðild að Íþróttasambandi Íslands ...,

Komi:

... Félagið sem heild á aðild að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands ...

9. Grein um Aðalfund og boðun hans.

Í stað:

Aðalfund skal halda í maí ár hvert og til hans boðað bréflega og í fjölmiðlum með að minnsta kosti viku fyrirvara..

Komi:

Aðalfund skal halda eigi síðar en 31. maí ár hvert og til hans skal boðað með minnst viku fyrirvara á áberandi hátt í húsi félagsins og á heimasíðu þess.

10. Grein 2. Töluliður um kjörgengi.

Í stað:

Skuldugum félaga er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum á aðalfundi félagsins.

Komi:

Aðeins skuldlausir félagar fara með eitt atkvæði á aðalfundi og öðrum fundum félagsins. Einstaklingar yngri en 18 ára hafa ekki atkvæðisrétt.

13. Grein

Í stað:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Komi:

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnir ÍBR og ÍSÍ hafa staðfest þau.